

Námsvísir
Yngsta stig 2008 – 2009

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennarar: Bergrún Gyða Óladóttir, Guri Hilstad Ólason, Gyða Björgvinsdóttir, Ingibjörg Ásta Faaberg, Ásta Brynjólfsdóttir og Birna Sigurðardóttir

Stuðningsfulltrúar: Steina Arnardóttir og Olga Elísa Guðmundsdóttir

Sérkennarar: Ásta Brynjólfsdóttir

Markmið skóla og nemenda

Að nemendur:

- kynnist bókasafni skólans og átta sig á gildi þess í námi og starfi.
- læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu.

Sjá markmið í *Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga- og tæknimennt (Upplýsingalæsi)* frá 2007.

Kennsluáferðir og leiðir að markmiðum

1. bekkur hefur bókasafnstíma merktan sérstaklega inn í stundatöfluna. Að öðruleyti hefur svæðið allt forgang á bókasafni ákveðna tíma í viku í stað þess að merkja sérstaka bókasafnstíma inn. Þeir tímar verða notaðir samhliða öðru námi inni á svæðunum til að tengja enn betur bókasafnið við nám nemenda. Miðað er að því að nemendur temji sér viðeigandi umgengnisreglur á bókasafni, geti fundið bækur til eigin nota, læri á útlánakerfið og að leita svara í fræðibókum. Nemendur hlusta á upplestur, lesa sjálfir og vinna ýmis verkefni sem krefjast heimildavinnu. Tölvur eru á svæði yngsta stig og verður tölvukennsla fléttuð inn í aðra kennslu.

Námsgögn

Fjölbreytt námsgögn verða í boði, t.d. bækur, hljóðbækur, tölvuforrit og hlutbundið efni. Unnið verður út frá því að hver nemandi fái námsgögn við sitt hæfi. Vinna vetrarins safnast í bók / möppu.

Námsmat

Frammistöðumat, t.d. samvinna og virkni.

Verkmöppumat. Vinna vetrarins safnast í bók / möppu.